

Fimmtudaginn 17. janúar 1991.

Nr. 344/1990. **Bjarni Þ. Guðmundsson**

gegn

**Elinborgu Brynjólfsdóttur og
Guðmundi Pálma Kragh.**

Kærumál. Þinglýsing. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Með símskeyti, sem sent var sýslumanninum í Árnessýslu 10. ágúst 1990, kærði sóknaraðili þinglýsingu tveggja skjala varðandi jörðina Gölt í Grímsneshreppi. Kæran barst Hæstarétti 21. september með bréfi fulltrúa sýslumanns, sem ritað var tveim dögum fyrr.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðila, sem dagsett er 27. september, er þess krafist, að skjöl nr. 1745/1990 og 1809/1990 verði afmáð úr fasteignabók Árnessýslu og vísað frá þinglýsingu.

Í greinargerð lögmanns varnaraðila, sem dagsett er 5. október, er krafist frávísunar kærumálsins frá Hæstarétti og kærumálskostnaðar.

Sýslumaður hefur sent Hæstarétti bréf, sem hann ritaði varnaraðilum 13. nóvember. Er þar tilkynnt, að fyrrgreindum skjölum hafi verið þinglýst vegna mistaka. Samkvæmt 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 hafi þinglýsingin verið felld úr gildi og færslur í fasteignabók strikaðar út.

Sóknaraðili hefur ekki, eins og málum er nú komið, lögvarða hagsmuni af að fá dóm um kröfur sínar í kærumáli þessu. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.